




Stefnumót fyrirtækja og stofnana á heilbrigðissviði :

Lyfja- og geislanæmi heilaæxlisfrumna



Sprotafyrirtækið ValaMed var stofnað fyrir rúmlega þremur árum í þeim tilgangi að framkvæma lyfjanæmispróf á krabbameinsfrumum.

Þau krabbameinslyf sem koma til greina, í hverju tilfalli fyrir sig, eru prófuð á krabbameinsfrumum frá einstaklingum sem gangast þurfa undir krabbameinslyfjameðferð og geta lyfjanna til að drepa krabbameinsfrumurnar er þannig prófuð utan líkamans á einstaklingsbundinn hátt.


Val á lyfjum vegna krabbameinslyfjameðferðar byggist á umfangsmiklum rannsóknum (clinical trials), sem sýna meðaltalsvirkni hvers lyfs. Töluverður breytileiki er hins vegar á lyfjanæmi milli einstakra æxla.

Lyfjanæmisprófanir á eggjastokka- og brjóstakrabbameini hafa sýnt að með þessari aðferðafræði má bæta meðferð og jafnframt spara lyfjakostnað umtalsvert.



VALAMED

PERSONALIZED MEDICINE





Mismunandi gerðir krabbameina falla misvel að þeim aðferðum sem eru í boði.

Við höfum skipt starfseminni í nokkur verkefni sem markast af ákveðnum gerðum krabbameins sem krefjast svipaðra lausna og myndum samstarfshópa þeirra aðila, þá sérstaklega krabbameins- og skurðlæknum, sem koma að þessum ákveðnu krabbameinum.

Markmið þessa verkefnisins er að gera lyfjanæmisprófanir á öllum fánlegum heilaæxlissýnum næstu þrjú árin og jafnframt meta óeðlilega próteintjáningu æxlisfrumnanna í þeim tilgangi að kanna samband lyfjanæmis við einkennandi þætti sem æxlisfruman tjáir. Auk þess verða áhrif ákveðinna þátta, s.s. lyfja, á geislanæmi æxlisfrumnanna metin.

Unnið verður að því að laga þá aðferð, sem þegar virkar vel á eggjastokka- og brjóstakrabbameinsfrumur, að heilaæxlum með það fyrir augum að ná fram sem mestri næmni.



Verkefnið er unnið í samstarfi við þá skurð- og krabbameinslækna LSH sem koma að meðferð æxla í heila.

Liggi fyrir upplýst samþykki sjúklings fyrir aðgerð er sýni sent á rannsóknastofu ValaMed þar sem lyfjanæmisprófið er framkvæmt.

Markmið verkefnisins er að þróa aðferð til lyfjanæmisprófunar á æxlisfrumum úr heila í þeim tilgangi að auka skilning á lyfjanæmi þessara frumna og stefna að markvissari og hagkvæmari lyfjameðferð.



Verkefnið er unnið í samstarfi við þá skurð- og krabbameinslækna LSH sem koma að meðferð æxla í heila.

Liggi fyrir upplýst samþykki sjúklings fyrir aðgerð er sýni sent á rannsóknastofu ValaMed þar sem lyfjanæmisprófið er framkvæmt.

Markmið verkefnisins er að þróa aðferð til lyfjanæmisprófunar á æxlisfrumum úr heila í þeim tilgangi að auka skilning á lyfjanæmi þessara frumna og stefna að markvissari og hagkvæmari lyfjameðferð.

Takk fyrir